

**Minjaráð Austurlands**  
**fundur 10. desember 2018**  
**haldinn í Herðubreið á Seyðisfirði**

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Þorvaldur P. Hjarðar, Erla Dóra Vogler, Skúli Björn Gunnarsson, Marinó Stefánsson. Forföll boðuðu Elfa Hlín Pétursdóttir og Vala Garðarsdóttir.

Dagskrá:

1. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
  - a) Kynning á þeim verkefnum sem Minjastofnun fékk styrk til uppbyggingar.
  - b) Hugmyndir minjaráðsfulltrúa um staði sem ættu mögulega heima inn áætluninni.
2. Hlutverk Minjaráðs.
3. Önnur mál.

Þuríður setti fund kl. 11.30 og gengið var til dagskrár. Skúli Björn tók að sér að rita fundargerð.

**1. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum**

a) Kynning á þeim verkefnum sem Minjastofnun fékk styrk til uppbyggingar.

Þuríður sagði frá þeim stöðum sem Minjastofnun fékk styrki til. Tveir friðlýstir staðir fyrir austan fóru inn á landsáætlun. Annars vegar Fjárborgin í Mjóafirði, að lagfæra hleðslur og gera skilti. Hins vegar í Djáknadysina í Hamarsfirði sem á að afmarka aðeins og setja fræðsluskilti en Vegagerðin gerði áningarstað og bílaplan þar fyrir fáum árum.

b) Hugmyndir minjaráðsfulltrúa um staði sem ættu mögulega heima inn áætluninni.

Þuríður sagði að áfram yrði unnið að því að bæta inn stöðum og minjaráðið beðið um að hafa augun opin fyrir minjastöðum sem eru í hættu vegna ágangs ferðamanna.

**2. Hlutverk Minjaráðs**

Þetta er síðasti fundur þessa ráðs. Þuríður sagði að verið væri að fækka í minjaráðunum niður í fjóra aðalmenn. Landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna einn, Safnaráð tilnefnir einn og Minjastofnun tilnefnir tvo. Varamenn verða einnig skipaðir fyrir þessa fjóra.

Ætlunin er að halda áfram á næsta tímabili að móta hlutverk og verkefni minjaráðanna. Marinó nefndi mikilvægi þess að dreifing fulltrúa í ráðinu væri yfir allt svæðið.

Þorvaldur nefndi samstarfið við ferðafélögin en strandminjagöngur voru farnar sem hluti af evrópska menningararfsárinu.

Þuríður nefndi smáforrit fyrir snjallsíma sem Minjastofnun er að vinna með háskólanum í St. Andrews og mun einfalda upplýsingagjöf almennings til stofnunarinnar um minjastaði. Ætlunin er að taka það í notkun og kynna á næsta ári.

Erla Dóra spurði um fyrirhugaða fornleifaskráningu á Austurlandi við gerð svæðisskipulags. Þuríður sagði að það stæði áfram til að hafa það sem verkþátt í svæðisskipulaginu í samvinnu við Minjastofnun.

Rætt aðeins um stöðu minja á Austurlandi og áhuga fulltrúa til að sitja áfram í minjaráði. Marinó nefndi að gott væri að hafa miðlægan stað fyrir upplýsingarnar sem minjaráðið er að senda sín á milli og um annað sem er til umfjöllunar fyrir Austurland. Einnig rætt um upplýsingar og fræðslu um minjar til almennings. Erla Dóra nefndi hvort hægt væri að taka upp samstarf við fjölmiðil um reglulega umfjöllun um minjastaði. Þorvaldur nefndi hvort hægt væri að nota heimasíðu og vefsíðu Minjastofnunar meira til miðlunar.

### 3. Önnur mál

#### a. CINE-verkefnið

Skúli Björn sagði frá því að þau Þuríður hefðu farið á fund í CINE-verkefninu til St. Andrews í Skotlandi í október. Jafnframt að þau væru með í bígerni að halda vinnustofur fyrir almenning við Borgarhöfn og Gautavík í janúar og febrúar þar sem fólki yrði kennt að nota snjallsíma til að safna upplýsingum úr landslaginu. Þetta verður gert innan CINE-verkefnisins en ef að smáforritið sem verið er að vinna fyrir Minjastofnun verður tilbúið verður einnig kennt á það. Einnig eru áform um að halda málþing í Suðursveit í samstarfi við Þórbergssetur í tengslum við þetta.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12.15.*

Þuríður E. Harðardóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Þorvaldur P. Hjarðar

Marinó Stefánsson

Erla Dóra Vogler